

4.Fundur Stjórnar Beint frá Býli haldin í Baulu 24. október 2013 kl 10:45

Mættir eru allir aðalmenn, Guðmundur Jón Guðmundsson, Heidi Laubert Andersen og Þorgrímur Einar Guðbjartsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn varamenn, Jóhanna B. Þorvaldsdóttir og Hanna Kjartsansdóttir.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir og fært til bókar:

1. Umsókn um gæðamerki beint frá býli.
 - a. Fyrir liggja umsóknir frá Efstadal í Biskupstungum og Litlu -Hlíð í framsveitum Skagafjarðar.
 - i. Umsókn frá Efstadal er samþykkt.
 - ii. Umsókn frá Litlu-Hlíð. Formaður mun á næstu dögum heimsækja Litlu-Hlíð og ef sú heimsókn stenst kröfur um gæðamerki, þá samþykkir stjórn leyfi.
2. Markaður í Mjódd. Þrjú aðilar hafa lýst yfir áhuga á að taka þátt í markaðshelgi Beint frá Býli, 16-17 nóvember n.k. Áhveðið að senda aftur póst á félagsmenn og minna á markaðinn. Ritara falið að skrifa og senda bréfið.
3. Á síðasta stjórnarfundi var áhveðið að hafa samband við m.a. formann Bændasamtakanna og ræða okkar sjónarmið á vinnubrögðum Mast. Formaður og ritari hittu Formann Bí og Ernu Bjarnadóttur um miðjan september og röktum við þar okkar sjónarmið.

Í framhaldi af þeim fundi kom minnisblað frá Ernu Bjarnadóttur, sem formaður Bfb og Ritari eiga eftir að vinna úr.

Ennþá hefur ekki náðst að koma á fundi við Ráðherra.

Stjórn Bfb óskaði jafnframt eftir fundi með Mast til að ræða vinnureglur stofnunnarinnar gagnvart smáframleiðendum, með það að markmiði að bæta þar úr. Þeirri ósk var hafnað en stjórn samþykkir nú að ýtreka þá ósk.

4. Umfram mjólk. Nú hefur verið áhveðið að leyfa sölu á umfram mjólk á innanlandsmarkaði, þar sem sala á mjólk hefur aukist mikið á yfirstandandi ári. Í ljósi þess og svarbréfs framkvæmdanefndar um Búvörusamninga, áhveður stjórn að sækja aftur um leyfi til að mjólkurframleiðendur meigi framleiða í heimavinnslu mjólkurvörur úr umfram mjólk til sölu á innanlandsmarkað.
5. Umsókn frá Skipagerði í Landeyjum um ingöngu í félagið. Stjórn samþykkir það. (Heidi þurfti að yfirgefa fundinn og kvaddi).
6. Viðhorfskönnun: Hanna gerði grein fyrir viðhorfskönnun sem hún vann í vor meðal félagsmanna. Svörun var um 50% meðal félagsmanna og þar af voru um 75% svarenda sem eru virkir félagsmenn. Niðurstaðan er í stórum dráttum nokkuð góð, viðhorf félagsmanna er almennt gott og voru nokkur smávægileg atriði sem formanni var falið að fara yfir og fylgja eftir. (Hanna þurfti að yfirgefa fundinn og kvaddi).
7. Fjármál. Sem stendur er ekki veitt fjármagni til félagsins á fjárlögum fyrir árið 2014. Formanni og ritara falið að senda erindi á stvinnuveganefnd (landbúnaðarnefnd) og óska eftir fjármagni til rekstur félagsins.

8. www.litlubúðirar.is hefur ekki verið að skila neinu til félagsins og stjórn samþykkir að hætta rekstri síðunnar.
9. Boð frá Ferðþjónustu bænda um að halda áfram þátttöku í Enska bæklingum kom í gær, en Bfb hætti þátttöku í Íslenska hlutanum á þessu ári. Málið rætt og áhveðið að hætta þátttöku og einblýna frekar á markaðssetningu á netinu.

Formanni falið að svara erindinu og greina frá niðurstöðinni.

10. Þorgrímur sagði lítillega frá kynnisferð og ráðstefnu, sem hann fór í ásamt 11 öðrum til Svíþjóðar. Það var virkilega áhugaverð ferð þar sem skoðað var hjá nokkrum smáframleiðendum, þeirra starfsstöðvar og starfsumhverfi. Þá var einnig farið á fjöldafyrirlestra um margvísleg mál tengdum smáframleiðslu í Svíþjóð. Áhugaverðasti fyrirlesturinn var um framleiðslu og sölu á mjólkurvörum úr ógerilsneyddri mjólk, þar sem margt áhugavert kom fram, bæði sem rök gegn og með sölu og framleiðslu á ógerilsneyddum mjólkurvörum.
11. Upplýsingabrunnur um heimavinnslu. Formaður hefur áður rætt við Óla Þór Hilmarsson hjá Matís og óska eftir fundi með honum til að ræða fyrirkomulag og uppsetningu á upplýsingabrunni um heimavinnslu, þar sem áhugasamir geta leitað eftir upplýsingum ef þeir vilja starta smáframleiðslu.
12. Þe Iceland hafði samband við formann og bauð uppá að látaútbúa app. Formanni falið að skoða möguleika í því sambandi með það að markmiði að ægt sé að gera app sem leiðir beint inná heimasíðu félagsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13.00

Þorgrímur Einar Guðbjartsson, ritari

Guðmundur Jón Guðmundsson

Heidi Laubert Andersen

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir

Hanna Kjartansdóttir